

bœnda
FERÐIR

SEIÐANDI SARDINÍA



25. maí – 7. júní 2025

Fararstjórn: Elísabet Sveinsdóttir

Sumar 2
Ítalía | Spánn

Ferðalýsing

Glæsileg eyjaferð til **Sardiníu** þar sem við ferðumst í stórbrotinni náttúrufegurð. Hér er fjölbreytilegt landslag, einar fallegustu strendur Miðjarðarhafsins, tær sjór, hellar og vikur. Eyjan á sér merkilega sögu og ríka menningararfleifð og eyjarskeggjar eiga sitt eigið tungumál, sardu. Hér er einnig rík hefð fyrir handverki, vefnaði, skartgripum og leirmunum. Áður en siglt er yfir til Sardiníu heimsækjum við gömlu virkisborgina **Lucca** en hún er fæðingarborg tónskáldsins Puccini. Á Sardiníu bíður stórkostlega **Costa Smeralda** ströndin okkar í allri sinni dýrð en hún teygir sig yfir norðausturströndina og státar af einstaklega fögrum bæjum. Við gistum í bænum **Baja Sardinia** en **Porto Rotondo**, **Porto Cervo** ásamt fjallaborpinu **San Pantaleo** verða einnig á vegi okkar. Við siglum til **La Maddalena eyjanna** þar sem við upplifum heillandi strendur sem minna um margt á karabíska hafið. Fjallafegurð Barbagía hálendisins umvefur okkur á leið til bæjarins **Orgosolo** en hann er einna þekktastur fyrir fjölbreytilegar veggmyndir. Við njótum hressingar að hætti hjarðmanna með söng og dansi. Við skoðum einnig konunglegar minjar frá bronsöld í **Santa Antine** sem eru einhverjar merkustu fornminjar eyjunnar. Blær miðalda er allt umlykjandi í fallegustu borg Sardiníu, **Alghero**, sem eitt sinn tilheyrði konungsríki Arogons á Spáni en þar gistum við seinni hluta ferðar. Fegurðin lætur ekki á sér standa í miðaldabænum **Castelsardo**, við Rocchia dell' Eleante eða Fílaklettinn og við höfðann **Capo Caccia** á norðvesturströnd eyjunnar. Förum í ævintýrlega siglingu að dropasteinshelli **Neptúnusar** og njótum þess að vera á þessari dásamlegu eyju. Við kveðjum Sardiníu eftir yndislega daga og siglum yfir til Barcelona, höfuðborgar **Katalóníu**, þar sem gist verður síðustu nóttina. Í þessari ferð njótum við töfra Sardiníu, næstu stærstu eyjunnar á Miðjarðarhafi, þar sem finna má gullnar sandstrendur, sægrænt haf, ilmandi gróður og dásamlega menningu.

15 dagar | 14 nætur

1 nótt Parma | 1 nótt ferja frá Livorno til Olbia | 5 nætur Costa Smeralda
| 5 nætur Alghero | 1 nótt Barcelona



25. maí | Flug til Mílanó

Brottför frá Keflavík kl. 08:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Mílanó kl. 14:30 að staðartíma. Ekið verður til ítölsku borgarinnar Parma þar sem gist verður fyrstu nóttina.

26. maí | Virkisbærinn Lucca & sigling frá Livorno

Dagurinn hefst í rólegheitum á góðum morgunverði. Við ferðumst síðan áfram til fallegu borgarinnar Lucca. Hún er þekkt sem gömul virkisborg og var fyrst stofnuð af Rómverjum. Lucca var ein af valdamestu borgum Evrópu frá 11. og fram á 12. öld. Mikilfenglegir virkisveggir hennar, sem flestir eru frá 16. og 17. öld, eru enn uppistandandi og setja ævintýrlegan blæ á borginna. Ofan á veggjunum eru vinsælar göngu- og hjólaleiðir og þar er skemmtilegt mannlíf. Tónskáldið Puccini var fæddur í borginni og húsið sem hann fæddist



Í hefur verið gert að safni. Við höldum í skoðunarferð um helstu staði borgarinnar og einnig verður gefin tími til að líta inn á kaupmenn og fá sér hressingu. Síðdegis verður ekið til Livorno en þar förum við um borð í ferju og siglum til Sardínu. Kvöldverður bíður okkar á ferjunni. Gist er eina nótt á skipinu í tveggja manna klefum með sturtu og salernisaðstöðu.

27. maí | Morgunverður í Olbia & Baja Sardinia við Costa Smeralda

Skipið leggur að höfn í Golf Aranci snemma morguns og þaðan verður ekið til borgarinnar Olbia en hún er þekkt sem hliðið að Costa Smeralda, hinni 55 kílómetra löngu „gullnu“ strandlengju í norðausturhluta Sardíníu. Þessi borg er einstök en þar er reglan sú að engin hús mega vera hærri en tveggja hæða. Á Sardíníu finnast einar fallegustu strendur og flóar í Evrópu. Byrjað verður á góðum morgunverði inn í Olbia en þar á eftir verður farið í stutta skoðunarferð og síðan gefin frjáls tími sem hægt er að nýta til að rölta, skoða sig um og líta inn í skemmtilegar verslanir. Nú verður stefnan tekin á Baja Sardinia, fallegt þorp í hjarta Costa Smeralda strandarinnar, en það telst til eins af lúxus áfangastöðum Ítalíu og er einn af mest heillandi áfangastöðum Sardíníu. Gist verður í fimm nætur í Baja Sardinia á góðu hóteli með einkaströnd.



28. maí | Perlur Costa Smeralda, Porto Rotondo & Porto Cervo




Framundan er skemmtilegur dagur sem byrjar á góðum morgunverði. Við höldum síðan í dagsferð eftir gullinni Costa Smeralda ströndinni, þar sem sægrænt hafið ber við sjóndeildarhringinn og loftið ilmar af macchia gróðri. Við öikum til Porto Rotondo sem er huggulegur strandbær við kyrrláta vík og eftir góða stund þar verður haldið áfram til Porto Cervo, hins heimsþekkta og vinsæla

ferðamannabæjar. Porto Cervo var stofnaður árið 1962 af Karim Aga Khan IV sem lúxus sumardvalarstaður. Hér er fagurt um að lítast, kristaltær sjór og hvítar strendur með glæsilegum sumarhúsum og lúxusverslunum. Porto Cervo hefur laðað að ýmsar stjórnur yfir sumarmánuðina til að njóta bæði slökunar og skemmtunar, þar með talið meðlimi evrópskra konungsfjölskyldna. Hér gefum við okkur góðan tíma til að njóta dýrðarinnar. Það er upplagt að setjast niður, fá sér hressingu og njóta staðar og stundar.

29. maí | Fjallabærinn San Pantaleo & útimarkaður

Á þessum ljúfa degi ætlum við að heimsækja hrífandi fjallabæinn San Pantaleo, listamannabæ með rómverskum minjum, kirkju og híbýlum hirðingja frá miðöldum sem kölluð eru Stazzi. Þetta er litríkur bær þar sem við ætlum að gefa okkur góðan tíma og njóta þessa að skoða lítil gallerí og fjölbreitt handverk íbúanna. Hér er einn vinsælasti útimarkaður norður Sardíníu og auðvitað skoðum við okkur um þar. Upplagt er að fá sér hressingu áður en ekið verður á hótél.



30. maí | Frjáls dagur við Costa Smeralda ströndina

Rólegheit og slökun er á dagskrá okkar í dag í Baja Sardinia. Nú er upplagt er að njóta aðstöðunnar við hótelið og baða sig í náttúrufegurð staðarins. Tilvalið er að fara í göngu með ströndinni eða taka góðan sundsprett í sjónum. Einnig er hægt að röltu um og kanna umhverfið betur, líta inn á kaupmenn staðarins og fá sér hressingu.



31. maí | Sigling yfir á La Maddalena eyjunna



Við höldum í siglingu yfir til La Maddalena eyjaklasans en hann samanstendur af sjö eyjum. Við verjum deginum á höfuðeyju klasans, La Maddalena. Farið verður í líflega skoðunarferð þar sem við kynnumst sögu og menningu eyjarskeggja. Einnig eyðum við drjúgum hluta dagsins á samnefndum höfuðstað eyjanna. Eyjunum er gjarnan líkt við eyjurnar í Karabíska hafinu sökum fallettra strandanna og tærs sjávarins sem er einstaklega túrkís blár. Hér er upplagt að

slaka á í dásamlegu miðjarðarhafsloftslaginu undir pálmatré eða röltu og skoða sig um.

1. júní | Orgosolo, hjarðmanna veisla & borgin Alghero

Nú kveðjum við Baja Sardinia við Costa Smeralda ströndina eftir yndislega daga. Stefnan er tekin á Alghero en á leiðinni umvefur okkur fjallafegurð Barbagia hálendisins. Þar er rík hefð fyrir hjarðmennsku og tengingin við sauðfjárrækt og framleiðslu er stór þáttur í lífi þeirra sem hér búa. Hér hefur verið ræktað sérstakt sauðfjárkyn í árþúsundir og heimamenn eru mjög stoltir af Pecorino Sardo ostinum sem þeir



framleiða. Við komum til bæjarins Orgosolo sem er þekktastur fyrir fjölbreytilegar veggmyndir eða Murales sem finna má á húsum bæjarins. Þessi vegglistaverk veita innsýn í daglegt líf og skoðanir íbúanna en upphafið að þessum teikningum er frá árinu 1968 þegar leiklistarhópur frá Mílanó hélt sýningu í bænum. Að skoðunarferð lokinni verður boðið upp á hádegisverð að hætti hjarðmanna með þjóðlagasöng og dansi en þessi stund er mikil upplifun og alltaf mjög skemmtileg. Við ökum síðan áleiðis til Alghero en á leiðinni þangað verður stoppað við Santa Antine, þar sem finna má einhverjar merkustu fornminjar Sardiníu. Hér er um að ræða konunglegar minjar frá bronsöld sem endurspeglar Nuragehe menninguna sem þróaðist á eyjunni frá 14. - 8. aldar f. Kr. Í Alghero verður gíst í fimm nætur á góðu hóteli með einkaströnd og útisundlaug.

2. júní | Castelardo & Capo Caccia



Í dag heimsækjum við fagra miðaldabæinn Castelsardo í Sassari héraðinu. Á leiðinni þangað verður staldrað við Roccia dell' Eleante, eða Fílaklettinn. Bærinn Castelardo var reistur árið 1102 af Doria fjölskyldunni frá Genúa, sem var ein sú valdmesta á sínum tíma, en þau stjórnðu mörgum landsvæðum bæði á landi og á eyjunum í Miðjarðarhafi. Við förum í skemmtilega skoðunarferð í þessum yndislega bæ og göngum um þröngar, litlar göturnar í elsta

hluta bæjarins. Eftir skoðunarferð verður frjáls tími til að fá sér hressingu. Næst verður ekið með Capo Caccia, sem er tilkomumikill höfði á norðvesturströnd Sardiníu, en hann hefur löngum verið mikilvægt kennileiti sjófarenda við Sardínú. Hér er heillandi landslag, stórkostlegt útsýni og mikil saga en mannvistarleyfar allt aftur til seinni hluta steinaldar hafa fundist í hellunum við höfðann. Í sjónum úti fyrir eru góð veiðisvæði og það er rótgróin hefð fyrir fiskveiðum við höfðann í gegnum árþúsundir. Í lok dags heimsækjum við ólífú- og vínbónda í nágrenni Alghero.

3. júní | Skoðunarferð í Alghero & frjáls tími

Í dag ætlum við að eiga yndislegan dag í virkisbænum Alghero. Hann er norðvestan megin á Sardínú í Sassari héraði og er vafalaust einn sá fallegasti og skemmtilegasti á eyjunni. Alghero tilheyrði um tíma konungsríki Aragons frá Spáni. Katalónar gáfu bænum þetta nafn og katalóníska er opinbert tungumál eyjarskeggja. Við höldum í skemmtilega skoðunarferð um helstu staði og að henni lokinni er upplagt að fá sér hressingu og skoða sig betur um í bænum sem iðar af mannlífi. Eftir það verður gengið að kórálverkstæði en borgin er víðfræg fyrir skartgripi úr rauðum kórölum.



4. júní | Ævintýrleg sigling í Neptúnusar hellir

Þessi ljúfi dagur byjar á stuttri göngu inn í Alghero en þaðan verður farið í ævintýrlega siglingu að Neptúnusar helli. Hann er meðal stórkoslegustu sjávarhella Miðjarðarhafssvæðisins og að koma þangað er einstök upplifun. Talið er að hellirinn hafi myndast fyrir um tveimur milljónum ára. Inni í honum er heillandi sjónarspil dropasteina, ljómandi hvítrar sandstrandar og risastórs neðanjarðar vatns. Eftir siglinguna er fjáls tími í Alghero fram að kvöldverði.





5. júní | Rólegheit og slökun í Alghero

Frjáls dagur til að njóta að vera á þessum dásamlega stað. Upplagt er að ganga inn í Alghero og njóta bæjarins á eigin vegum. Rölta um, líta inn í skemmtilegar verslanir, sitja á skemmtilegu kaffi-eða veitingahúsi og horfa á mannlífið. Einnig er upplagt að nota góða aðstöðu við hótelið okkar.

6. júní | Sigling frá Porto Torres & Barcelóna

Nú kveðjum við stórkostlegu eyjuna Sardiníu eftir yndislega og ljúfa daga. Við leggjum af stað mjög snemma í morgunsárið til Porto Torres en þar býður okkar ferja til Barcelona á Spáni. Við komum til Barcelona höfuðborgar Katalóníu undir kvöld. Gist verður þar í eina nótt á góðu hóteli.



7. júní | Heimflug frá Barcelona

Nú líður að lokum þessarar frábæru ferðar. Brottför frá Barcelona flugvelli kl. 15:45 og landing í Keflavík kl. 18:20 að staðartíma.

Verð

565.800 kr. á mann í tvíbýli | 130.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hótelum.
- ✓ Næturferja frá Livorno til Olbia ásamt kvöldverði.
- ✓ Morgunverður í Olbia.
- ✓ Dagsferja frá Porto Torres til Barcelona.
- ✓ Sigling yfir á La Maddalena eyjuna.
- ✓ Hjarðmanna veisla í Orgosolo.
- ✓ Heimsókn til ólífú- og vínbónda.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Aðgangur að Nuragehe fornminjunum.
- ✓ Sigling í helli Neptúnusar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.